

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur ráðið mig til að meta upplýsingakerfi fyrir bakvinnslu sem notað er við fjármála- og mannauðsstjórnun í stjórnsýslu íslenska ríkisins (hér eftir nefnt Kerfið). Matið hefur verið byggt á, og styðst við, samþykktu verklýsingu, sem fylgir í 3. viðauka við skýrsluna.

Í skýrslunni legg ég fram mitt mat og niðurstöður. Í 6. kafla eru fjórtán tilmæli um frekari aðgerðir.

Að mínu mati er Kerfið viðunandi, það starfar á fullnægjandi hátt, hentar hæfilega vel og getur skapað ávinning fyrir stjórnsýslu ríkisins. Ég mæli með því að stjórnsýsla ríkisins haldi áfram að nota kerfið, að minnsta kosti þegar horft er til meðallangs tíma, svo að hægt sé að ná fram ávinningi af þeim fjárfestingunum sem þegar hefur verið ráðist í við aðlögun verklags og verkflæðis stofnana ríkisins að notkun kerfisins.

Á sama tíma þarf hið opinbera að taka ákvörðun um hvaða leið á að fara við þróun upplýsingakerfis stjórnsýslu ríkisins til framtíðar. Kerfið, eins og það er í dag og eins og því er stjórnað, er samnýtt bakvinnslukerfi fyrir stjórnsýslu án nokkurra tengsla við almenna áætlun stjórnvalda um upplýsingasamfélagið. Á þeim krossgötum sem framundan eru þarf að taka ákvörðun um hvort eigi að halda sig við þá braut sem Kerfið er á núna eða hvort að hafin verði vegferð í átt að samræmdu upplýsingastjórnunarkerfi sem inniheldur framlínu- og rekstrarvirkni (e. operational functions) ásamt bakvinnsluvirkni.

Í báðum tilfellum er nauðsyn á virkari og framsýnni stefnumiðaðri stjórnun og að fyrirkomulag rekstrarumsjónar verði styrkt. Skiplag hins síðarnefnda myndi fara eftir því hvaða stefna verður valin fyrir framþróun kerfisins.

Ég hef sett fram gagnrýni á nokkur atriði að því er varðar uppsetningu Kerfisins og stillingar þess, hvernig því er stjórnað og hvernig það er rekið.

Í fyrsta lagi hefur kerfið verið sett upp sem samþætt kerfi þannig að mannauðskerfi, verkbókhaldskerfi og innkaupakerfi eru eins og hverjar aðrar viðbætur við fjárhagskerfið. Þetta þýðir að kerfið nýtir ekki að fullu sveigjanleikann í undirliggjandi hugbúnaði og að það er orðið óþarflega flókið og óþjálmt. Ég mæli með því að hið opinbera hefji áætlun um sundurgreiningu mismunandi notendakerfa.

Í öðru lagi virðist ekki vera fyrir hendi virk stefnumiðuð stjórnun (e. strategic governance) á þróun kerfisins. Ég mæli með því að stjórnvöld tilnefni deild eða opinberan starfsmann (upplýsingastjóra ríkisins) í einu ráðuneytinu sem marksækinn eiganda (e. strategic owner) kerfisins.

Í þriðja lagi er sá háttur sem er á eignarhaldi kerfisumsjónar (e. operational ownership) ekki ákjósanlegur. Ég mæli með því að stjórnvöld tilnefni kerfiseiganda yfir Kerfið sem slíkt og undirkerfiseiganda (e. secondary operational owner) fyrir hvern kerfishluta fyrir sig. Fjársýsla ríkisins er rökréttur valkostur sem kerfiseigandi fjárhagskerfisins en val á stofnunum fyrir hin hlutverkin veltur hvaða leið stjórnvöld velja fyrir framþróun.

Að lokum hefur smæð flestra stofnana ríkisins í för með sér að þær hafa ekki fullnægjandi stjórnunargetu og hæfni. Ég mæli með því að þjónustumiðstöð í Fjársýslu ríkisins verði útvíkkuð upp í Þjónustumiðstöð ríkisins, af því tagi sem nýlega hefur verið komið á fót í hinum Norðurlöndunum.